

Skilmálar vegna aðgangs ríkisstofnana að upplýsingum úr ökutækjaskrá

Um aðgang að ökutækjaskrá gilda starfsreglur Samgöngustofu, sbr. upplýsingaskjal US.384 og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, með síðari breytingum.

Í samræmi við reglurnar veitir Samgöngustofa stofnunum ráðuneyta, með eftirgreindum skilmálum og án endurgjalds, aðgang að upplýsingum í ökutækjaskrá sem þær þurfa á að halda til að gegna lögbundnu hlutverki sínu:

1. Heimilt er að sækja upplýsingar í ökutækjaskrá eftir fastanúmeri, skráningarnúmeri og verksmiðjunúmeri ökutækis. Aðgangur stofnunar að upplýsingum í ökutækjaskrá tekur þó eingöngu til þess þegar upplýsingarnar eru nauðsynlegar til þess að stofnunin geti sinnt lögbundnu verkefni sínu.
2. Óheimilt er sækja upplýsingar samkvæmt kennitölu eiganda / umráðamanns nema sérstök heimild í lögum um persónuvernd eigi við. Aðgangur að kennitöluuppflettingum er aðeins veittur starfsmönnum er hafa undirritað yfirlýsingu um notkun aðgangsins (US.281). Af hálfu stofnunar skal þess gætt að aðgangur sé aðeins veittur starfsmönnum er þurfa á slíkum aðgangi að halda til að gegna lögbundnu hlutverki stofnunarinnar.
3. Óheimilt er að miðla upplýsingunum til þriðja aðila eða birta þær opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu. Heimilt er að vista upplýsingarnar í kerfum stofnunar eftir því sem við á en óheimilt er að safna upplýsingunum saman í sérstakan gagnagrunn.
4. Upplýsingar úr ökutækjaskrá eru veittar með xml skeytasamskiptum, þ.e. fyrirspurnir berast með xml skeyti og svarið er á sama formi. Með hverju skeyti skal senda auðkenni viðkomandi stofnunar og notandaauðkenni starfsmanns.
5. Óski Samgöngustofa eftir því skal stofnun upplýsa hvaða starfsmenn hennar hafa aðgang að upplýsingum í ökutækjaskrá og til hvers upplýsingarnar eru notaðar.
6. Verði stofnun uppvís að því misnota aðgang sinn að ökutækjaskrá er Samgöngustofu heimilt að loka fyrir aðgang stofnunarinnar.

Upplýsingar um stofnun:

Nafn	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer og staður
Tengiliður	Netfang

Fyrir hönd ofangreindrar stofnunar / ráðuneytis er því lýst yfir að þess verður gætt að farið verði í hvívetna eftir ofangreindum skilmálum við notkun upplýsinga úr ökutækjaskrá.

Staður og dagsetning

Undirritun forsvarsmanns